



Dagur leikskólans  
6. febrúar

Við bjóðum góðan dag  
- alla daga



## Ágæti lesandi

Máltækið lengi býr að fyrstu gerð á vel við þegar rætt er um leikskólann. Sem menntamálaráðherra og ekki síst sem foreldri hefur verið fróðlegt og spennandi að fylgjast með þróun leikskólans síðustu árin. Frá því að leikskólinn var skilgreindur með lögum sem fyrsta skólastigið árið 1994 hafa kröfur og væntingar til skólans farið vaxandi og hefur markvisst verið unnið að því að styrkja hann. Leikskólinn er mennta- og uppeldisstofnun sem skipar mikilvægan hlekk í námi hvers einstaklings.

Sú staðreynd er orðin mun útbreiddari en áður og er það vel. Það kallar á að við séum vakandi yfir því hvað betur má fara og vinnum sameiginlega að því að bæta skólastigið í ljósi aukinnar þekkingar á því hvernig börn þroskast, læra og leika sér.

Ég hef nú lagt fyrir á Alþingi frumvörp um ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Það er einlæg trú mín að með þeim séum við að stíga mikilvægt framfaraspör í átt að enn betra og heildstæðara skólakerfi.

Menntamálaráðuneyti, Félag leikskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli hafa tekið höndum saman um að tileinka leikskólanum ákveðinn dag ár hvert, 6. febrúar, til að stuðla að og hvetja til jákvæðrar umræðu um starfsemi leikskóla, um starf leikskólakennara og mikilvægi skólans fyrir skólakerfið í heild. Það er von mín að rit þetta hjálpi til við að kynna leikskólann og það metnaðarfulla og góða starf sem þar fer fram.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
menntamálaráðherra





## Dögg Magnúsdóttir

fjögurra ára, leikskólanum Gardaborg  
Reykjavík

### Af hverju ertu í leikskóla?

Af því, svo ég þurfi ekki að  
vera ein heima,  
mamma er í vinnunni. Það

er líka ekkert gaman að elda í þykjó fyrir mann  
sjálfan. Þá fær maður ekkert að borða í alvörunni.

### Hvernig væri ef það væri enginn leikskóli?

Börnin væru heima hjá sér og þá þyrfti mamma  
ekki að vera í vinnunni.

### Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

Mér finnst skemmtilegast að vera í tölvu og svo í  
stóru kubbunum eftir kaffi.

### Hvað gera kennararnir?

Passa börnin og passa að þau meiði sig ekki og  
svoleiðis. Þeir passa mann þegar mamma er í  
vinnunni því maður getur ekki unnið þegar maður  
er bara barn.

### Ef þú myndir ráða í leikskólanum, hverju myndirðu breyta?

Ég myndi breyta því leiðinlega. Ég myndi breyta  
sólinni. Breyta henni í snjó. Því mér finnst  
snjórinn skemmtilegastur.



## Eysteinn Ísidór Ólafsson

þriggja og háls árs, leikskólanum  
Pálmholti Akureyri

### Til hvers eru leikskólar?

Af því, krakkar þurfa að

fara í leikskóla af því pabbi og mamma  
þurfa að fara að vinna.

### Hvernig eiga kennarar að vera?

Þeir eiga að syngja.

### Hvað ætlarðu að verða þegar þú er orðinn stór?

Þá ætla ég að verða sjóræningi.

### Hvað gera sjóræningjar?

Þeir ræna alltaf á bátum.

### Hvort heldurðu að það sé meira gaman að vera barn eða fullorðinn?

Fullorðinn.

### Af hverju heldurðu það?

Af því sjóræningjar  
eru fullorðnir.



## Markmið leikskólastarfs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

### Mikilvægi leiksins

Á bernskuárum er leikur lífstjáning barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns.

### Námssvið leikskólans

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.



Starfsánægja leikskólastarfsfólks er ein af skrautfjöðrum leikskóla - það er gulls ígildi

## Rannsóknir

Dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Kennaraháskóla Íslands er fræðimaður á sviði leikskólarannsókna.

Hún segir að niðurstöður rannsókna sinna bendi til þess að íslensk leikskólabörn og foreldrar þeirra líti á leikskólann sem mikilvægt upphaf menntunar hvers einstaklings. Áhersla leikskólans á samskipti og leik virðist bæði foreldrum og börnum að skapi. Börnum finnst vinátta og jákvæð tengsl við félagaskipta miklu máli og telja mikilvægt að geta haft áhrif á það sem þau eru að fást við í leikskólanum. Foreldrar telja einnig þýðingarmikið að börn þjálfist í samskiptum, læri að bera virðingu fyrir öðru fólki og öðlist jákvæða sjálfsmynd í leikskólanum.

## Lykiltölur um leikskólastigið

Mikill meirihluti barna dvelur allan daginn í leikskóla

Á sjötta þúsund starfsmenn starfa við uppeldi og menntun barna í tæplega 270 leikskólum sem fjölgar stöðugt.

Á síðustu 10 árum hefur hlutfall þeirra sem dvelja 8 tíma eða lengur farið úr 40% í 75%. Leikskólar veita heildstæða og góða þjónustu þar sem barnið og líðan þess er í fyrirrúmi.

Við viljum bjóða öllum nýjum Íslendingum góðan dag  
– alla daga



Heimili og skóli  
Landsassentök, Reykjavík

**Menntamálaráðuneyti:** Rít 36 • Janúar 2008  
Útgefandi: Menntamálaráðuneyti • Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500 • Bréfasími: 562 3068  
Netfang: postur@mrm.stjr.is  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)  
Hönnun og umbrot: Menntamálaráðuneyti  
Prentun: Svansprent  
© 2008 Menntamálaráðuneyti  
ISBN 978 9979 777 58 8



## Björg Bjarnadóttir

formaður Félags leikskólakennara

Í leikskóla stíga börn fyrstu skrefin á menntabrautinni. Rauður þráður í leikskólastarfi er að skipuleggja umhverfi þar sem börnin öðlast þekkingu og færni með eigin uppgötvunum í leik og starfi, innandyra sem utan. Þar ríkir jákvætt og viðurkennandi andrúmsloft og virðing er borin fyrir einstaklingnum og getu hans til að læra á eigin forsendum.

Leikskólinn skipar veglegan sess í samfélaginu og starfsemin, starfsfólkið og leikskólabörn njóta virðingar. Með því að tileinka leikskólanum sérstaklega einn dag á ári er þess vænst að hann fái verðuga umfjöllun og jákvæða athygli allan ársins hring. Það er álit margra að það sé ekkert meira gefandi en að starfa í samfélagi með ungum börnum sem sífellt koma á óvart með einlægni sinni og hughrifum. Megi dagur leikskólans verða til að opna augu sem flestra fyrir því.

## Markmið dags leikskólans

- » Að gera þegna þjóðfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn.
- » Að skapa jákvæða ímynd um leikskólakennslu og auka áhuga fólks á starfinu.
- » Að beina athygli þjóðarinnar að stöðu leikskólans, gildi hans fyrir menningu og þjóðarauð.



### Af hverju 6. febrúar?

Þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Frá þeim tíma hefur átt sér stað markviss umræða um gildi leikskólans í íslensku samfélagi.